

Bókavörður Héraðsbókasafns Dalasýslu

Dalabyggð auglýsir starf bókavarðar Héraðsbókasafns Dalasýslu laust til umsóknar.

Leitað er að bókasafns- og upplýsingafræðingi, en til greina kemur að ráða ófaglærðan starfsmann. Starfshlutfall er 50%.

Helstu verkefni

Bókavörður sér um innkaup bóka, skráir í tölvukerfi, afgreiðir bækur og önnur gögn, raðar í hillur, merkir og plastar bækur og leiðbeinir viðskiptavinum um safnkost og aðstoðar við millisafnalán.

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Áhugi og þekking á bókmenntum og útgáfu.
- Góð framkoma og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framsýni og metnaður í starfi.
- Almenn tölvukunnátta.

Gert er ráð fyrir að starfsmaðurinn komi til með að búa í Dalabyggð.

Laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og SDS eða viðeigandi fagfélags.

Umsókn skal skila til skrifstofu Dalabyggðar, Miðbraut 11, 370 Búðardal.

Fyrirspurnir má senda á netfangið sveitarstjori@dalir.is. Umsóknarfrestur er til og með 9. mars nk.

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Héraðsbókasafn Dalasýslu á Miðbraut 11 í Búðardal er opið á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18. Bókasafnið er lokað beri almenna frídaga upp á opnunardaga.



DALAPÓSTURINN

3. tölublað, 11. árgangur
28. febrúar 2018

Íbúðir til leigu fyrir eldri borgara og lífeyrisþega

Tvær íbúðir að Gunnarsbraut 11a og 11b í Búðardal eru lausar til leigu frá 1. apríl 2018. Hvor íbúð er 81 m². Mánaðarleg húsaleiga er nú 84.997 kr. og tekur hún breytingum samkvæmt vísitölu neysliverðs til verðtryggingar í byrjun hvers árs.

Um úthlutun íbúðanna gilda „Reglur um úthlutun íbúðar eldri borgara og lífeyrisþega að Gunnarsbraut 11“ sem finna má á vef Dalabyggðar.

Umsóknareyðublöð eru á vef Dalabyggðar og eru einnig fánleg á skrifstofu. Umsóknum skal skila á skrifstofu Dalabyggðar fyrir 9. mars 2018. Eldri umsóknir skulu endurnýjaðar.

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 430 4700 eða með tölvupósti á netfangið sveitarstjori@dalir.is.

Rekstur tjaldsvæðis í Búðardal

Dalabyggð auglýsir eftir aðilum sem kunna að hafa áhuga á að taka að sér rekstur tjaldsvæðis í Búðardal. Áhugasamir hafi samband við Bjarnheiði Jóhannsdóttur ferðamálafultrúa á skrifstofu Dalabyggðar eða með tölvupósti á netfangið ferdamal@dalir.is, fyrir 20. mars.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Breyting á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum 16. janúar 2018 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 ásamt umhverfisskýrslu, í samræmi við 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Um er að ræða endurbyggingu Vestfjarðarveggar nr. 60 á tæplega 6 km kafla þar sem hann stenst ekki gildandi veghönnunarreglur. Gert er ráð fyrir efnistöku á áreyrum Húsár/Hvolsár og á eldra námusvæði í landi Hvítadals.

Tillögurnar liggja frammi frá 15. febrúar 2018 á skrifstofu Dalabyggðar Miðbraut 11, 370 Búðardal og einnig á heimasíðu sveitarfélagsins, dalir.is.

Athugasemdum ber að skila til skrifstofu skipulagsfulltrúa, Miðbraut 11, 370 Búðardal eða senda á netfangið byggingarfulltrui@dalir.is fyrir 30. mars 2018.

Breyting á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum 20. febrúar 2018 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016, í samræmi við 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Tillögur að breytingum á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 varðandi íbúðarsvæði í Búðardal, stækkun verslunar- og þjónustusvæðis í Búðardal og frístundasvæði í landi Hlíðar í Hörðudal.

Tillögurnar liggja frammi frá 8. apríl 2018 á skrifstofu Dalabyggðar, Miðbraut 11 í Búðardal og á heimasíðu sveitarfélagsins, www.dalir.is.

Athugasemdum ber að skila til skrifstofu skipulagsfulltrúa að Miðbraut 11 í Búðardal eða á netfangið byggingarfulltrui@dalir.is fyrir 20. apríl 2018.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Ólafsdal

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum 20. febrúar 2018 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Ólafsdal í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Breytingin felst meðal annars í ákveðnum áherslubreytingum frá gildistöku þess. Til að mynda er nýr byggingarreitur fyrir vélaskemmu, víkkun heimilda á núverandi byggingareitum og nýr kafli um verndun menningarlandslags.

Tillögurnar liggja frammi frá 8. mars 2018 á skrifstofu Dalabyggðar, Miðbraut 11 í Búðardal og einnig á heimasíðu sveitarfélagsins www.dalir.is.

Athugasemdum ber að skila til skrifstofu skipulagsfulltrúa að Miðbraut 11, 370 Búðardal eða á netfangið byggingarfulltrui@dalir.is fyrir 20. apríl 2018.

Félagsleg þjónusta

Föst viðvera félagsráðgjafa er í Stjórnsýsluhúsinu í Búðardal, fyrsta og þriðja miðvikudag hvers mánaðar frá kl. 13 til 16. Tímapantanir eru í síma 433 7100 eða 898 9222 milli kl. 9 og 15 virka daga.

Auk þess er unnt að hafa samband við félagsþjónustuna símleiðis í síma 433 7100 á milli kl. 9 og 15 aðra virka daga, fá upplýsingar og ráð eða ákveða aðra stund og annan tíma, allt eftir aðstæðum.

Endurvinnslustöðin

Endurvinnslustöðin er opin á þriðjudögum kl. 13-18 og laugardögum kl. 11-14. Flokkunarkrá er opin allan sólarhringinn.

Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar á Miðbraut 11 í Búðardal er opin virka daga kl. 10-14. Símatími er virka daga kl. 9-13. Síminn er 430 4700 og netfangið dalir@dalir.is